

Bókstafur á spjaldi

Aldur barna	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
Námssvið	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Aðstæður	Umhverfi	Árstíð		
	Hvar sem er, svo fremi sem efniviður sé til staðar, s.s. lauf, smásteinar, greinar, kuðungar eða annað smálegt	Hvaða árstíð sem er.		

Lýsing á verkefni

- Barnið safnar ýmsu smálegu af sömu gerð, s.s. nokkrum laufum eða smásteinum.
- Barnið fær spjald hjá kennaranum og raðar á það því sem það hefur safnað. Úr efniviðnum myndar barnið „stafinn sinn“.
- Því næst nær barnið í eitthvað sem á sama staf.
- Dæmi: *Júlía safnar nokkrum laufum og raðar þeim í „J“ á spjaldið sitt. Því næst sækir Júlía „jörð“ (mold) sem hún setur á spjaldið hjá stafnum sínum.*
- Sumir fara þá leið að láta barnið safna því sem á sama staf og það sjálft og nota það til að móta stafinn á spjaldið.
- Dæmi: *Júlía mótar stafinn „J“ úr „jörðinni“ (moldinni) sem hún náði í.*

Gögn

Efniviður á staðnum.
Eitt pappaspjald á barn.

